

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna skógræktar á Ytri-Bægisá 2 í Hörgársveit.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2020/10



BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR

Forsíðumynd: Gamall reiðvegur á Ytri-Bægisá 2, mynd tekinn í norð-vestur.



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

© Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2020/10

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	4
SAMANTEKT.....	10
HEIMILDASKRÁ.....	11

1. Inngangur

Skýrslu höfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu á landspildu á Ytri-Bægisá 2 vegna skógræktar. Fyrirhugað svæði er um 28 ha og hæð frá 80-110 m yfir sjávarmáli.

Skógræktarsvæðið er á vatnsverndarsvæði Hörgársveitar og er áætlað að gróðursetja um 55.400 plöntur í um 23 ha.¹

Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram í lok október 2020, var farið aftur á staðinn í nóvember þegar snjór hafði lagst yfir svæðið til þess að reyna að ná betri ljósmyndum.

Til var eldri fornleifaskráning af svæðinu frá 2001 sem Fornleifastofnun Íslands hafði gert.

Mikilvægt var þó að endurskoða þá skráningu og þá helst með tillit til þess hve mikil skekkjumörk gps tækja var fyrir 20 árum. Einnig hafa átt sér stað einhverjar breytingar á svæðinu á þeim árum síðan sú skráning var gerð.

Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmanni og landeigenda fyrir upplýsingar um fornleifar og staðarhætti og leiðsögn um svæðið.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2556.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.² Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.³

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

¹ Skógrækt í landi Ytri-Bægisár II í Hörgárdal, bls. 1.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

³ Heimasíða Minjastofnunnar.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”⁴

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁵

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í þjóðminjalögunum en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁶

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í þjóðminjalögunum að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁷

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.⁸

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Við undirbúningsvinnuna og úrvinnsluna var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 2000 til 2019 á map.is, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga, niðurhalsgögn frá Landmælingum Íslands. Landeigandi veitti einnig leiðsögn um svæðið og upplýsingar um þær menningarminjar sem hann vissi um á svæðinu.

Þær minjar sem fundust eða voru innan 15 m frá framkvæmdasvæðinu, voru hnitsettar (ÍSN93). Upplýsingar skráðar um þær, staðir ljósmyndaðir og mældir upp með trimble stöð. Kortin voru svo unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd undir frá Loftmyndum ehf. frá 2019. Þrátt fyrir að það hafi verið gengið skipulega til verksins þá verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

⁷ Heimasíða Alþingis.

⁸ Heimasíða Minjastofnunar.

4. Fornleifaskráning

Ytri-Bægisá 2:

Fornleifanúmer: 2556-01

Hnit: A526827.1 N575546.5 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Reiðvegur

Í örnefnaskrá segir: „Ofan við Breiðasund er Breiðalág sunnarlega, en Þjófalág sunnan við Heyhólinn. Lá þarna forni reiðvegurinn og er hann enn allgreinilegur. Í Þjófalág var góð hestabeit og áðu þar gjarnan ferðamenn. [...] Gamli reiðvegurinn liggur um mel, sem kallaður var bæði Háimelur og Einbúi.⁹ Gamli reiðvegurinn er ennþá mjög sýnilegur. Á köflum sást hann mjög vel bæði á loftmyndum og við vettvangskonun en á öðrum stöðum gat verið erfitt að fylgja honum eftir. Það er einnig eitthvað um seinni tíma slóða á svæðinu. Við kortlagningu á reiðveginum var notast við bæði gps mælingar og svo loftmyndir frá mismunandi árum. Ýmist mátti sjá moldarveg þar sem búið var að týna steina úr honum og raða í kantana eins og forsiðumyndinni á skýrslunni eða hann var alveg gróinn eins og má sjá á mynd 1. Þar sem hann var einna greinilegastur þá var breidd hans eitthvað um 3,5 m. Hann fjarar svo út rétt sunnan við Hörgárdalsveg.



Mynd 1. Gamall reiðvegur, mynd tekinn í norð-vestur.

⁹ Örnefni í Glæsibæjarhreppi, bls. 3.

Þegar farið var að rýna í lýsingar í örnefnaskrá þá fundust örnefni sem gætu átt við fleiri en einn stað en þar segir: „Skammt frá Öxnadalsá og suður frá Þvermelnum heitir Breiðasund. Sunnan þess er Heyhóll, en þar hét fyrrum Kot, enda mun þar hafa verið býli og heyrst hefur að það hafi heitið Hvammur”¹⁰ Í skýrslunni frá 2001 er þessi lýsing eignuð tóft sem er skammt frá Öxnadalsá í hvammi.¹¹ Seinna í örnefnaskránni segir: „Gamli reiðvegurinn liggur um mel, sem kallaður var bæði Háimelur og Enbúi. Er fyrrnefndur Heyhóll þar skammt ofan við.”¹² Örnefnið Heyhóll gæti því átt betur við aðra stærri tóft sem heimildarmaður benti á. Bæði stendur hún á hól og er hún ofan við reiðveginn, sú tóft var ekki í skýrslunni frá 2001. Það er því spurning hvort örnefnin Hvammur og Heyhóll gætu átt við sitthvora tóftina.

Fornleifanúmer: 2556-02

Hnit: A526765.1 N575572.3 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Austur af Öxará er tóft, liggur hún fast í vestur enda brekku fyrir neðan reiðveginn. Tóftin samanstendur af tveimur hólfum. Það fyrra er um 18 m á lengd og 8 m á breidd og með útgang til norðurs. Þétt við austur hliðina á útganginum er minni tóftin hún er um 8,6 m á lengd og 4 m á breidd. Ekki var hægt að sjá op á henni. Hæð á veggjum var um 0,2-0,6 m.



Mynd 2. Tvískipt tóft, mynd tekinn í suð-vestur.

¹⁰ Örnefni í Glæsibæjarhreppi, bls. 3.

¹¹ Elín, Orri og Sölvi, 2001, bls. 36.

¹² Örnefni í Glæsibæjarhreppi, bls. 3.

Fornleifanúmer: 2556-03

Hnit: A526858.6 N575590.1 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Um 80 m í norð-austur frá fyrri tóftinni eða um 15 austan við reiðveginn er tóft. Stendur hún á hól rétt sunnan við girðingu á svæðinu. Tóft þessi var ekki jafn greinileg og sú fyrri og líklega eitthvað eldri. Hún virðist hafa verið um 20 m á lengd og 11 m á breidd. Hleðsluhæð var 0.15-0.4 m á hæð og virtust vera þrjú hólf en ekki fannst neinn útgangur. Mikill gróður var á henni og mjög erfitt að mæla hana upp, ef gróðurfarið á henni hefði ekki verið töluvert frábrugðið því sem var í nágrenninu þá hefði hún að öllum líkindum ekki fundist. Það virtist aðeins móta fyrir henni á loftmynd frá 2000 en á loftmynd frá 2019 er hún ekki sýnileg. Þar sem veðurfar leyfði ekki dróna tökum þá var farið aftur á staðinn þegar snjór hafði lagst yfir svæðið til þess að reyna að ná betri myndum af tóftinni.



Mynd 3. Tóft, myndin tekinn í norður eftir að snjóföl hafði lagst yfir rústina.

Fornleifanúmer: 2556-04

Hnit: 526827.2 575504.8 ISN93

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Fast vestan við reiðveginn er mógröf hún er um 80 m í suð-austur af rústinni við ána. Mældist hún um 8 m á lengd og 4 m á breidd dýpt hennar er um 0,15-0,3 m.



Mynd 4. Mógröf mynd er tekinn í norð-vestur.

Fornleifanúmer: 2556-05

Hnit: A526910.9 N575726.8 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Varða

Í kringum 30 m í norð-austur frá tóftinni á hólnum eða um 75 m í austur frá reiðleiðinni á hól gætu verið leifar af vörðu. Á hólnum eru nokkrir steinar og gróður vaxið yfir hluta af þeim. Steinaþyrpingin virtist vera með þvermál um 2 m og hæð um 0,6 m.



Mynd 5. Varða, myndi tekinn í norð-vestur.



Nafn	YTRI-BÆGISÁ 2	Dags.	09.12.2020 hj	Skýringar:
	HÖRGÁRSVEIT	Mælikv.	1:4000 í A3	
Afmörkun skógræktarsvæðis á Ytri-Bægisá 2 l.nr. 152509.				 BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is Unnið eftir mynd nr. e573 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2000



- Fornleifar
- Reiðvegur
- Skógræktarsvæði

Nafn	YTRI-BÆGISÁ 2	Dags.	18.12.2020 hj	Skýringar:
	HÖRGÁRSVEIT	Mælikv.	1:4000 í A3	
Menningarminjar innan skógræktarsvæðis á Ytri-Bægisá 2 l.nr. 152509.				 BÚGÆRDUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
				Unnið eftir mynd nr. e573 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2000

5. Samantekt

Í fornleifaskráningar skýrslunni frá 2001 voru skráðar 16 menningarminjar á Ytri-Bægisá.¹³ Af þeim voru tvær sem hægt var að staðsetja innan skógarreitsins og við vettvangskonunnun fundust svo 3 staðir í viðbót. Allir þessir staðir hafa það sameiginlegt að minjarnar sjást á yfirborðinu. Ágætt er að hafa í huga að fornleifar hafa 15 m friðhelgunarmörk og því mikilvægt að gróðursetja ekki innan þeirra marka. Landspildan sem var afmörkuð fyrir skógræktina hefur að mestu sloppið við framkvæmdir á seinni árum og því ekki útilokað að fleiri minjastaðir gætu fundist. Einnig er líka alltaf sá möguleiki að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 18. desember 2020.
Hákon Jensson

¹³ Elín, Orri og Sölvi, 2001, bls. 34-39.

6. Heimildaskrá

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson og Sölvi Björn Sigurðsson. (2001). Fornleifaskráning í Eyjafirði XV: Aðalskráning í Glæsibæjarhreppi III. Fornleifastofnun Íslands 2001.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Skógrækt í landi Ytri-Bægisár II í Hörgárdal-Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu 13. ágúst. 2020.

Örnefni:

Örnefni í Glæsibæjarhreppi, Ytri-Bægisá, Glæsibæjarhreppur.

Heimildarmenn:

Stefán Lárus Karlsson. 1965, Ytri-Bægisá 2, Hörgársveit.